




Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2018



Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2018

Ársskýrsla 2018

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2019/2

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Ritstjóri: Helga Guðrún Jónasdóttir

Ábyrgðarmaður: Valur Rafn Halldórsson

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ljósmyndir: Valur Rafn Halldórsson og Ingibjörg Hinriksdóttir

Forsíðumynd: Foríðumyndin er frá síldarsöltunarsýningu í Fjallabyggð fyrir nokkrum árum.

Prentun: Umslag

Ávarp formanns



Umfang hinna fjölbreyttu verkefna sem Samband Íslenskra sveitarfélaga sinnir er það sem helst stendur upp úr þegar ég horfi til þess hálfra árs sem liðið er frá landsþingi okkar á Akureyri. Verkefnunum er sinnt af hæfum hópi starfsmanna sem eru samstíga og öflugir í störfum sínum í þágu sveitarfélaga landsins. Störfum sem felast að stóru leyti í kröftugri hagsmunagæslu ekki síst gagnvart ríkinu. Fyrir þau störf vil ég þakka af

heilum hug.

Ég er afar þakklát sveitarstjórnarmönnum sem kunnu að meta reynslu mína og fyrri störf og treystu mér fyrir embætti formanns Sambands Íslenskra sveitarfélaga og þeirri ábyrgð sem því fylgir. Í stjórn völdust einnig mjög hæfir einstaklingar sem þegar hafa sýnt styrk og kunnáttu í störfum sínum.

Landsþingið á Akureyri var að vanda gott en þar hittust sveitarstjórnarmenn úr öllum landsfjórðungum og mörkuðu stefnu sem stjórn mun vinna eftir næstu fjögur ár. Stefnumörkunin er grunnstefið í allri vinnu stjórnar, ásamt því að bregðast við aðstæðum sem enginn getur séð fyrir. Þá er gott að vita af sterku baklandi í sveitarstjórnarmönnum vítt og breitt um landið, sem ég hvet til að vera í góðu sambandi við formann og aðra stjórnarmenn.

Að lokum vil ég, fyrir hönd stjórnar, lýsa yfir ánægju minni með niðurstöðu rekstrar og þær áherslur sem lagðar hafa verið á undanförunum árum og þakka starfsmönnum framlag þeirra og góð störf um leið og ég hlakka til bjartar framtíðar sveitarstjórnarstigsins á Íslandi.

Aldís Hafsteinsdóttir

Formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Inngangur



Í þessari ársskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga eru dregnar saman helstu upplýsingar úr starfseminni á árinu 2018. Eins og undanfarin ár liggur meginþungi starfsins í sex þáttum. Þessa grunnþætti mynda fræðslumálin, félagsþjónustan, hagsmunagæslan, m.a. vegna setningar laga- og reglugerða um starfsemi sveitarfélaga, umhverfismálin, kjaramálin,

erlend samskipti og upplýsingamiðlunin, bæði á sviði fjármála og annarra viðfangsefna sveitarfélaga. Ráðstefnuhald, málþing og stærri fræðslufundir veða einnig þungt í starfsemi sambandsins. Á árinu 2018 var einnig lögð mikil áhersla á að bjóða námskeið fyrir nýja sveitarstjórnarmenn.

Skipurit sambandsins endurspeglar áherslur og verkaskiptingu skipulagsheildarinnar. Samvinna starfsmanna þvert á svið er þó einkennandi fyrir starfsmannahópinn enda eru það stóru markmiðin í stefnumörkun sambandsins og skilgreindu hlutverki þess sem eru leiðarljósið. Þessi samheldni starfsmanna og markmiðsstýrðu vinnubrögð eru einnig ráðandi í ánægjulegum samskiptum þeirra við stjórn sambandsins og sveitarstjórnarmenn. Hin skýra stefnumörkun skapar aðstæður fyrir skilvirkni og skjót viðbrögð í starfseminni, því allir starfsmenn vita hvert stefna skuli hverju sinni þegar hin ýmsu mál koma upp og engin ástæða er til að hika við leitina að lausnum.

Sérstaklega var ánægjulegt að taka þátt í vinnu við undirbúning og mótun nýrrar stefnumörkunar fyrir árin 2018-2022 á landsþinginu sem haldið var á Akureyri í september sl. Margir nýir sveitarstjórnarmenn tóku þátt í störfum þingsins. Það jók á fjölbreytni umræðunnar að fá ný og fersk sjónarmið frá þeim, þótt reynsla þeirra sem lengur hafa starfað í sveitarstjórnun sé einnig

vissulega dýrmæt. Vel mátti merkja mikla samheldni allra þingfulltrúa og þann góða anda sem skapast í þessum stóra og fjölbreytta hópi. Allir störfuðu saman á jafnréttisgrundvelli og voru samstilltir og áhugasamir um að skilgreina sameiginleg markmið sem miða að því að efla sveitarfélögin og sveitarstjórnarstigið í heild.

Áhersluþættir í starfi sambandsins eru birtir í starfsáætlunum sem liggja fyrir við upphaf hvers árs. Þar er fjallað um einstök verkefni og hvernig unnið verður að framgangi þeirra á árinu. Við lok hvers árs er sett fram árangursmat sem stjórn sambandsins fjallar um samtímis því að áherslur næsta árs eru ákvarðaðar. Þessar upplýsingar eru öllum aðgengilegar á vef sambandsins.

Það er ásetningur og metnaður sambandsins að starfsmennirnir sýni framsækni og tileinki sér lausnarmiðaða hugsun í samskiptum við alla þá sem þeir þjóna og vinna með. Slíkt á að koma fram í vinnslu og lausnum þess fjölda viðfangsefna sem tekinn er til þróunar og umsýslu á ári hverju. Í ársskýrslunni er leitast við að draga upp mynd af þessum viðfangsefnum en hún endurspeglar þó ekki nema brot af heildarverkinu. Mikilvægast er sveitarstjórnarmenn upplifi í reynd, að sambandið vinni vel í þágu þeirra og sveitarstjórnarstigsins, auk þess sem ríkisvaldið og aðrir sem samskipti hafa við sambandið geti treyst því, að hlutlægni og fagmennska ráði ferðinni.

Samskiptastjóri sambandsins og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs hafa, í samvinnu við aðra starfsmenn sambandsins, haft umsjón með gerð ársskýrslunnar og kann ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnið starf. Fyrir hönd starfsmanna sambandsins þakka ég öllum stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga fyrir ánægjuleg samskipti á árinu 2018 og vona að hér birtist áhugaverðar upplýsingar um starfsemina, sem lesendur ársskýrslunnar kunna að meta.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Helstu verkefni ársins 2018

XXXII. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

XXXII. landsþing fór fram á Akureyri dagana 26.–28. september. Yfirskrift þingsins var *Framtíðin er hér*. Meginviðfangsefni þess var stefnumótun sambandsins fyrir kjörtímabilið 2018–2022, eins og venja stendur til að hverjum sveitarstjórnarkosningum loknum. Koma þá jafnan fulltrúar nýkjörinna sveitarstjórna saman á Akureyri og móta starfsstefnu sambandsins á nýju kjörtímabili.

Alls eiga 154 fulltrúar aðildarsveitarfélaga seturétt á yfirstandandi kjörtímabili, en öll sveitarfélög landsins, 72 að tölu, eru aðilar að sambandinu.

Aðsókn var að sama skapi góð og mættu til XXXII. þings 150 fulltrúar frá 69 sveitarfélögum. Aðrir þingfulltrúar með málfrelsi og tillögurétti voru 69 og var heildarföldi þingfulltrúa því 219 talsins. Að auki sátu landsþingið 19 gestir og 27 starfsmenn sambandsins og sóttu því þingið í heild 265 manns.

Halldór Halldórsson flutti síðustu setningarræðu sína á landsþingi og kvaddi með virktum sveitarstjórnarmálin eftir 24 ára óslitinn feril, þar af 12 ár sem formaður sambandsins. Halldór stiklaði á þeim árangri sem náðist í formennskutíð hans og þakkaði gott samstarf í árunna rás á vettvangi sambandsins.

Sigurður Ingi Jóhannesson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ávarpaði þingið. Í ávarpi sínu tók ráðherra undir tillögur verkefnahóps um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga þess efnis, að efla beri sveitarstjórnarstigið á grundvelli frekari sameininga sveitarfélaga. Einnig ávarpaði þingið Gudrun Mosler Törnström, forseti Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins.

Þá fór Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, yfir helstu verkefni þess á liðnu starfsári og þingfulltrúarnir Heiða Björg Hilmisdóttir, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir og Ásta Stefánsdóttir fluttu sitt erindið hver. Heiða Björg ræddi í erindi sínu um áhrif #Metoo fyrir sveitarstjórnarstigið, Eyrún Ingibjörg um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga og Ásta um tillögur að fyrirhuguðum breytingum á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Stefnumörkun sambandsins 2018–2022 er aðgengileg á vef sambandsins.

Stefnumörkun 2018–2022

Gengið var frá stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018–2022 á XXXII. landsþingi sambandsins á Akureyri 26. til 28. september 2018.

Á landsþinginu störfuðu fimm umræðuhópar, sem hafði hver um sig afmarkaða hluta stefnumörkunarinnar til úrvinnslu. Í þessum störfum studdust landsþingsfulltrúar við stefnumótunarskjal, sem starfsmenn sambandsins tóku saman með hliðsjón af stefnumörkun árunna 2014–2018.

Pegar starfshópar höfðu lokið sér af, var samþykkt að vísa stefnumörkuninni til endanlegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins. Var það gert á fundi stjórnar þann 30. nóvember.

Stefnumörkun sambandsins nær til meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga. Veitir stefnumörkunin afgerandi leiðsögn við ákvarðanatöku stjórnar og vinnu starfsmanna sambandsins næstu fjögur ár og jafnframt fyrir þá fulltrúa sem tilnefndir eru á vegum sambandsins í nefndir, ráð og stjórnir.



Skrifað var undir sameiginlega viljayfirlýsingu gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Halldór Halldórsson, þáverandi formaður sambandsins, skrifaði undir yfirlýsinguna fyrir hönd sveitarfélaganna.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er, samkvæmt samþykktum, skipuð 11 mönnum. Stjórn er kosin til fjögurra ára í senn og fer kjör hennar fram á því landsþingi sem ber næst upp að almennum sveitarstjórnarkosningum loknum.

Í samþykktunum segir jafnframt að skipa skuli sex manna kjörnefnd sem geri tillögur til landsþings um kjör stjórnar og stjórnarformanns. Í kjörnefnd XXXII. landsþings voru kosin Kristinn Jónasson formaður, Björn Gíslason, Guðrún Ögmundsdóttir, Bjarki Bjarnason, Pálína Margeirsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir.

Kjörnefndin lagði fram tillögu að stjórn sambandsins 2018-2022. Fyrir landsþingið höfðu tveir einstaklingar lýst yfir áhuga á formannsembættinu, en það voru þau Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ og Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði og lagði kjörnefnd til að formaður yrði kosinn í beinni kosningu. Var tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða og hlutu eftirtaldir kosningu í stjórn og varastjórn:

Aðalmenn:	Varamenn:
Reykjavíkurdæmi: Heiða Björg Hilmisdóttir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir Eyþór Laxdal Arnalds	Skúli Þór Helgason Dóra Björt Guðjónsdóttir Hildur Björnsdóttir
Suðvesturkjördæmi: Gunnar Einarsson, Garðabæ Guðmundur Ari Sigurjónsson, Seltjarnarnesi	Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ Adda María Jóhannsdóttir, Hafnarfirði
Norðvesturkjördæmi: Rakel Óskarsdóttir, Akranesi Bjarni Jónsson, Svf. Skagafirði	Daníel Jakobsson, Ísafirði Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Borgarbyggð

Norðausturkjördæmi: Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð	Gauti Jóhannesson, Djúpavogshreppi Guðmundur B. Guðmundsson, Akureyrarkaupstað
Suðurkjördæmi: Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði Ásgerður K. Gylfadóttir, Svf. Hornafirði	Margrét Ólöf A. Sanders, Reykjanesbæ Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra

Formaður stjórnar sambandsins var kjörinn í beinni kosningu. Alls greiddu 149 landsþingsfulltrúar atkvæði í kosningunni. Fór svo að Aldís Hafsteinsdóttir sigraði með 62,8% atkvæða.

Nýkjörin stjórn sambandsins kom saman til fyrsta fundar 10. október 2018. Varaformaður sambandsins var kjörin Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi.

Á árinu 2018 voru haldnir 11 stjórnarfundir. Einn stjórnarfundur var haldinn á Akureyri í tengslum við landsþing sambandsins. Þá hélt stjórnin einn fund að auki með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Nefndir og ráð

Á árinu 2018 tilnefndi stjórn sambandsins 134 fulltrúa í ýmsar nefndir. Kynjaskipting var þannig að konur voru skipaðar í 72 skipti en karlar í 62.

Þá er gert grein fyrir skiptingu á milli landshluta í meðfylgjandi töflu. Starfsmenn sambandsins voru tilnefndir í 38 skipti alls.

Höfuðborgarsvæðið	38	Norðurland vestra	7
Suðurnes	8	Norðurland eystra	10
Vesturland	7	Austurland	10
Vestfirðir	4	Suðurland	12



Leiðbeiningarrit Landverndar um „VirkJun vindorku á Íslandi“ kom út í lok febrúar og afhentu fulltrúar samtakanna stjórn sambandsins og starfsmönnum ritið til kynningar.

Fundir og ráðstefnur

Á árinu kom sambandið sem skipuleggjandi eða samstarfsaðili að 24 fundum og ráðstefnum. Er það svipaður fjöldi og á árinu 2017, þegar slíkir viðburðir voru 28 talsins. Flestir fundanna voru teknir upp og/eða streymt. Nálágast má upplýsingar um fundi og ráðstefnur í viðburðadagatali vef sambandsins.

Sveitarstjórnarkosningar 2018

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram laugardaginn 26. maí 2018. Kjörnir voru 502 sveitarstjórnarmenn til setu í sveitarstjórnnum 72 sveitarfélaga kjörtímabilið 2018 til 2022. Vegna sameiningar á liðnu kjörtímabili, fækkaði sveitarfélögunum um tvö frá síðustu kosningum.

Óbundið persónukjör fór fram í 16 sveitarfélögum og í einu sveitarfélagi var sjálfkjörið þar sem aðeins einn listi kom fram. Hlutbundin listakosning fór fram í 55 sveitarfélögum.

Kosningapátttaka var 67,6% og jókst um 1,1% frá síðustu kosningum árið 2014. Í kosningunum 2010 var kjörsókn 73,5% eða 5,9 prósentustigum meiri en í síðustu kosningum.

Af þeim 502 sveitarstjórnarmönnum sem náðu kjöri voru 415 kjörnir með bundinni hlutfallskosningu (listakosningu) í 55 sveitarfélögum, 82 voru kjörnir óbundinni kosningu (persónukosningu) í 16 sveitarfélögum og 5 voru sjálfkjörnir í 1 sveitarfélagi.

Konur í sveitarstjórnnum eru nú 237 eða 47,2% og hefur fjölgað nokkuð eða úr 44,0% eftir kosningarnar 2014.

Veruleg endurnýjun átti sér stað í sveitarstjórnnum við kosningarnar og voru sveitarstjórnarmenn, sem ekki sátu sem aðalmenn á kjörtímabilinu 2014–2018, 293 eða 58,4%. Árið 2014 var hlutfall „nýrra“ sveitarstjórnarmanna 54,4%, 2010 var það 57,4% og árið 2006 var hlutfallið 55,0%.

Í 12 sveitarfélögum hefur oddviti framkvæmdastjórn viðkomandi sveitarfélags með höndum. eru sjö oddvitanna karlar og fimm eru konur. Ráðnir framkvæmdastjórnar eru í 60

sveitarfélögum og eru 29 þeirra titlaðir sem sveitarstjórnar og 29 sem bæjarstjórnar. Þá er einn borgarstjóri starfandi og einn framkvæmdastjóri. Eftir kyni skipast stöðurnar í 39 karla og 21 konu. Í upphafi kjörtímabilsins gegndu því í heild 46 karlar og 26 konur framkvæmdastjórnastöðu.

SAMSKIPTI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

Samráðsnefnd um opinber fjármál

Samráðsnefnd um opinber fjármál var gert nýtt erindisbréf í október 2017 og var nafni nefndarinnar breytt úr *Samráðsnefnd um efnahagsmál* í *Samráðsnefnd um opinber fjármál* og þannig sett meiri áhersla á opinber fjármál en áður var. Nefndin starfaði ótulllega á árinu 2018 og hélt fjölda funda. Meginverkefni voru tvö. Annars vegar að setja fram áætlun um afkomu og efnahag sveitarfélaga í þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2019-2023. Hins vegar var mikil vinna lögð í samstarf við ráðgjafafyrirtækið Analytica um verkefnið um sjálfbærni rekstrar sveitarfélaga.

Jónsmessunefnd

Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefnd, hélt fimm fundi á árinu 2018. Venjan er að fundirnir séu fleiri, en sveitarstjórnarkosningarnar, kosning nýs formanns sambandsins og stjórnarkjör hjá sambandinu settu strik í reikninginn á árinu. Nefndin starfar á grundvelli 128. gr. sveitarstjórnarlaga frá 2011. Í henni eiga sæti formaður sambandsins og framkvæmdastjóri, borgarstjóri, ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins, ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri skrifstofu sveitarstjórnarmála í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Fjöldi annarra stjórnenda og sérfræðinga sambandsins og ráðuneytanna sitja einnig fundi nefndarinnar allt eftir umfjöllunarefni hennar hverju sinni. Framkvæmdastjóri sambandsins ber ábyrgð á umsýslu og framkvæmdastjórn fyrir nefndina og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins annast fundarritun. Nefndinni er ætlað að leiða til lykta ýmis samskipta- og framkvæmdamál



Á árinu 2018 efndi sambandið til funda um brytt lög um persónuvernd, hér er Telma Halldórsdóttir þáverandi persónuverndarfulltrúi og lögfræðingur hjá sambandinu, á fundi í Borgarbyggð.

milli ríkis og sveitarfélaga sem ekki eru leyst á öðrum vettvangi. Á árinu 2018 var undirbúningur og yfirumsjón með gerð samkomulags ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál frá árinu 2015 eitt veigamesta verkefni nefndarinnar. Þrjár undirnefndir starfa í umboði Jónsmessunefndar; Kjaramálaráð ríkis og sveitarfélaga, Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál og Samráðsnefnd aðila um skýra verkaskiptingu í opinberri þjónustu.

Samkomulag á grundvelli laga um opinber fjármál – sameiginleg ábyrgð

Í byrjun apríl 2018 var undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga vegna markmiða um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2019–2023 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Samkomulagið er það þriðja sem sambandið gerir, f.h. sveitarfélaga, við fjármála- og efnahagsráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, en skv. lögum skal gera samkomulag sem þetta árlega, áður en fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er lögð fram á Alþingi.

Áður en gengið var frá samkomulaginu á árunum 2016 og 2017 boðaði sambandið fulltrúa allra sveitarfélaga til samráðsfundar, þar sem farið var yfir þá þætti sem til stóð að semja um. Almennur stuðningur kom fram hjá sveitarstjórnarmönnum við þessi nýju vinnubrögð. Í framhaldi af því var ekki talið, að verkefnið kallaði á sérstakan samráðsfund. Ástæða þess er að samkomulagið er ekki svo frábrugðið þeim fyrri. Fjármál sveitarfélaga hafa þróast undanfarin ár á jákvæðan hátt og hafa sveitarstjórnarmenn, að mati samningsaðila, hagað fjármálum sveitarfélaga á ábyrgan hátt.

Markmið samkomulagsins eru að afkomuhorfur hins opinbera verði jákvæðar út frá sjónarmiðum hagstjórnar. Heildarafkoma hins opinbera, A-hluta, verði jákvæð öll árin 2019–2023. Einnig að heildarafkoma opinberra aðila, A-hluta og fyrirtækja hins opinbera, verði jákvæð á tímabilinu.

Heildarafkoma A-hluta sveitarfélaga stuðlar því að efnahagslegum stöðugleika og reiknað er með að hún verði jákvæð um 0,2% af VLF árin 2019–2023.

Þáttur sveitarfélaganna í þessu markmiði er grundvallaður annars vegar á samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélaga til næstu fjögurra ára og hins vegar á reiknilíkani sem byggist á framsetningu fjármála sveitarfélaga á grunni þjóðhagsreikninga og samræmdum reikniforsendum. Þær áætlanir sem liggja fyrir hjá sveitarfélögum falla því vel að tölusetnum markmiðum samkomulagsins, en í því felst að engar sérstakar ráðstafanir í fjármálum sveitarfélaga þurfa að eiga sér stað vegna samkomulagsins, svo framarlega að fjármálastjórn þeirra verði með hætti sem segir í langtímafjárhagsáætlunum.

Í þessu samkomulagi eru mikilvægur þáttur þau verkefni, sem aðilar voru sammála um að vinna sameiginlega að. Eitt þeirra er fagleg rannsókn utanaðkomandi sérfræðingar á því hvort sveitarfélögin geti talist fjárhagslega sjálfbær m.v. núverandi nýtingu tekjustofna og þeirra útgjalda sem þau þurfa að standa undir m.v. lögbundna og hefðbundna þjónustu. Þetta faglega og hlutlæga mat er grundvöllur þess að ræða megi af sanngirni hugsanlega styrkingu á tekjustofnum sveitarfélaga. Vissulega liggur fyrir vísbending um að sveitarfélögin séu ekki fjárhagslega sjálfbær, þar sem þau virðist ekki, þrátt fyrir mikið hagvaxtarskeið í þjóðarbúskapnum, geta lækkað skuldir sínar eins og þau hafa gert undanfarin ár, án þess að það bitni á innviðauppbýggingu og viðhaldi. Ráðgjafarfyrirtækið Analytica vann þessa rannsókn og kynnti helstu niðurstöður hennar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Áfram verður unnið við að þróa þetta verkefni.

Önnur sameiginleg verkefni aðila eru umbætur í opinberri starfsemi. Um er að ræða áframhaldandi þróun á miðlægu þjónustugáttinni www.island.is þar sem stefnt er að því að landsmenn geti á einum stað nálgast þjónustu hins opinbera og sinnt þeim erindum sem beinast að stjórnvöldum. Unnið verður að því að opinberir aðilar sameinist um að birta í sameiginlegu rafrænu pósthólfi á www.island.is skjöl, sem



Vestfirðingar nýttu sér aðstöðuna í Borgartúni í febrúar til að funda með þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

hefðu annars verið send í bréfaþósti. Gríðarleg hagræðing getur falist í þessum verkefnum verði þau að veruleika. Ríki og sveitarfélög munu því vinna saman að því að tryggja innviði fyrir stafræna þjónustu, samvirkni upplýsingatæknikerfa í gegnum stafræna stofnbraut og almenna notkun þessarar tækni til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

Lífeyrismál

Á árinu var enn unnið að framkvæmd samkomulags frá árinu 2016, á milli ríkissjóðs og sambandsins annars vegar og BHM, BSRB og KÍ hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Samkomulagið var innleitt með tilskildum lagabreytingum og breytingum á samþykktum Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Þar með náðist markmiðið um eitt samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, sem kemur svo aftur í veg fyrir að ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar safnist áfram upp hjá ríki og sveitarfélögum. Einnig var lífeyristökualdur samræmdur við 67 ár. Með samkomulaginu tók ríkið á sig meira en þriðjung samanlagðra heildarlífeyrisskuldbindinga sveitarfélaga hjá A-deildum LSR og Brúar eða rúmlega 26 ma.kr. Í því fólst að ríkið tók yfir um 1,1 ma.kr. skuldbindingar hjúkrunarheimila sveitarfélaga o.fl. hjá A-deild Brúar. Það reyndist þó ekki vera fullnaðaruppgjör vegna hjúkrunarheimila, svo að áfram var unnið að því að semja um frekari yfirtöku ríkisins á þessum skuldbindingum. Lauk því í desember með yfirtöku ríkisins á 1,1 ma.kr. til viðbótar. Samtals hefur ríkið því tekið að sér að greiða 2,2 ma.kr. lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga í A-deild Brúar vegna hjúkrunarheimila á þeirra vegum.

Byggðamál

Mörg undanfarin ár hefur það verið vilji og stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga að sinna betur en áður þróun byggðamála samhliða því, að styðja við valdeflingu hjá heima-mönnum í héraði. Það hefur sambandið gert m.a. með því að styðja af þunga við þróun sóknaráætlana í landshlutum. Einnig hefur verið unnið að því á vegum sambandsins, að efla

og þetta samstarf þess og Byggðastofnunar, m.a. með setu fulltrúa sambandsins í stjórn stofnunarinnar og með setu í ýmsum ráðum, nefndum og stjórnnum sem láta sig byggðamál og sóknaráætlanir varða. Tengsl sveitarstjórnarstigsins við Byggðastofnun eru afar mikilvæg og í raun forsenda þess, að vel takist til við framkvæmd byggðaáætlunar. Þessi tengsl hafa styrkts verulega undanfarin ár. Hin nýja byggðaáætlun sem samþykkt var á síðasta ári er talin sú metnaðarfullsta sem fram hefur komið hér á landi. Samráð var mikið og komu mörg hundruð manns að gerð áætlunarinnar, sem nær nú til fjölda málefna sviða og ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga. Eignarhaldið er víðtækt og var samráð við sambandið um gerð hennar einnig mikið.

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022 er að finna mörg markmið sem eru beintengd verkefnum í byggðaáætluninni. Einnig hefur sambandið, ásamt fjölda sveitarstjórnarmanna, lýst ánægju sinni með að byggðamálin hafi verið færð til ráðuneytis sveitarstjórnarmála, enda er það í samræmi við áherslur sambandsins um að efla tengsl byggðamála við sambandið og sveitarfélögin. Á síðasta ári var markvisst unnið að hálfu sambandsins að því að styrkja þessi tengsl.

Sveitarstjórnarmál

Á árinu voru tímamót í útgáfusögu Sveitarstjórnarmála. Eins og ritstjóri blaðsins undanfarin 17 ár orðaði það í kveðjugrein sinni í síðustu útgáfu blaðsins sem hann kom að eru Sveitarstjórnarmál aftur komin heim. Árið 2002 var samið við fyrirtækið Fremri Almannatengsl, sem staðsett er á Akureyri undir stjórn Braga V. Bergmanns, um útgáfu og ritstjórn blaðsins. Bragi og hans fólk leystu það verkefni vel af hendi í góðri samvinnu við stjórnendur sambandsins. Þrátt fyrir það, og í ljósi breyttra aðstæðna við miðlun upplýsinga, var ákveðið að ráðast í breytingar á þessu sviði.

Sambandið hefur undanfarin sex ár verið að þróa rafræna upplýsingamiðlun í formi Tíðinda af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem birt er á heimasíðu



Fundur um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna var haldinn í húsnæði sambandsins á vordögum 2018.

sambandsins og dreift til mörg hundruð áskrifenda. Til viðbótar hefur frétt- og upplýsingamiðlun á heimasíðunni stóruaukt. Mikilvægi upplýsingamiðlunar með tímaritinu Sveitarstjórnarmál hefur því farið minnkandi. Ekki er þó talin ástæða til að leggja útgáfuna alfarið niður, en fækka þess í stað útgefnum tölublaðum á ári hverju í tvö til þrjú og endurskoða ritstjórnarstefnu þess með hliðsjón af fækkun tölublaða.

Þá var jafnframt ákveðið að endurskipuleggja starfsemi rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins á árinu og breyta almennri sérfræðingsstöðu í stöðu samskiptastjóra sambandsins. Helga Guðrún Jónasdóttir var ráðin til starfa til starfa á árinu 2017, og hefur hún haft umsjón með fréttum á heimasíðu sambandsins, útgáfu Tíðinda og annast ritstjórn Sveitarstjórnarmála, en ábyrgðarmaður er Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs. Það er von mín að þetta nýja fyrirkomulag mælist vel fyrir.

FJÁRMÁL

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Dagana 11. og 12. október var fjármálaráðstefna sveitarfélaga haldin á Hilton Reykjavík Nordica hóteli. Að venju var mikill áhugi á ráðstefnunni, uppselt var á hana og einhverjir þurftu frá að hverfa. Alls sóttu 458 manns ráðstefnuna og eru þá starfsmenn sambandsins og LSS taldir með auk fyrirlesara. Boðið var upp á fjölda ávarpa og fyrirlestra, eða alls 36.

Nýkjörinn formaður sambandsins, Aldís Hafsteinsdóttir, setti ráðstefnuna og því næst ávarpaði Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ráðstefnugesti. Svöruðu þau að því loknu spurningum úr sal undir stjórn fundarstjóranna Rósu Guðbjartsdóttur, Hafnarfjarðarkaupstað og Guðbrands Einarssonar, Reykjanesbæ. Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ, rakti helstu áskoranir og útlit í efnahagsmálum. Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, fór yfir

fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Í síðasta erindi fyrir hádegishlé var spurt hvort rekstur sveitarfélaga væri sjálfbær en þar gerði Yngvi Harðarson, Analytica, grein fyrir rannsókn sinni.

Þemað eftir hádegi var verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Karl Björnsson fór yfir söguna og gerði grein fyrir viðhorfum sambandsins. Sigrún Þórarinsdóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, glæddi gráu svæðin í velferðarþjónustunni líf í fjórlegu erindi. Viðhorf notanda velferðarþjónustu var efni erindis Önnu G. Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Geðhjálpur og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri í Skagafirði, sagði frá reynslunni af samstarfi sveitarfélaga um málefni fatlaðra. Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, fór yfir samvinnu og samstarf ríkis og sveitarfélaga. Eva Marín Hlynisdóttir, dósent HÍ, brá ljósi á þróun sveitarstjórnarstigsins á Íslandi í sögulegu og alþjóðlegu ljósi. Lund ráðstefnugesta var létt með gamanmálum Snjólaugar Lúðvíksdóttur, uppistandara.

Seinni ráðstefnudaginn var ráðstefnunni skipt í fjórar málstofur. Málstofur voru eftirfarandi:

- A-hluti Fjármál sveitarfélaga
- B-hluti Fræðslumál
- C-hluti Velferðarmál
- D-hluti Innviðir og uppbygging

Ekki verður hér gerð grein fyrir málstofunum, en þær þóttu almennt takast vel. Allri ráðstefnunni var streymt á vef sambandsins og má nálgast upptökur á vef sambandsins.

Að ráðstefnunni aflokinni var þátttakendum sent rafrænt ráðstefnumat sem venja er. Röskur helmingur skilaði ráðstefnumati og voru niðurstöður jákvæðar. 36% svarenda kváðust mjög ánægðir með ráðstefnuna og 57% ánægðir. Þá er almenn ánægja með að bjóða upp á fjórar málstofur seinni daginn og rösklega 70% voru ýmist mjög ánægðir eða ánægðir með það fyrirkomulag.



Fjármálaráðstefnan 2018 var fjölsótt að vanda.

Stefnumótandi áætlun um málefni ríkisins

Með breytingu á lögum um sveitarstjórnir nr. 138/2011 sem gengu í gildi í júní 2018 er ráðherra sveitarstjórnarmála gert að leggja fram að minnsta kosti á þriggja ára fresti tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun um málefni sveitarfélaga til fimmtán ára í senn. Í framhaldinu var settur á laggirnar starfshópur um „stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga“ og skal hann vinna tillögur til ráðherra um stefnu og aðgerðaáætlun til fimm ára. Lýtur starfshópurinn formennsku Valgarðs Hilmarssonar, fyrrverandi sveitarstjóra Blönduósbæjar. Aðrir í nefndinni eru Sóley Björk Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi í Akureyrarbæ, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

Sveitarstjórnarstefna mun móta stefnumið í flestu sem sveitarfélögum við kemur og má þar nefna margt sem lýtur að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Upplýsingar um fjármál og miðlun

Margháttaðar upplýsingar um fjármál sveitarfélaga er að finna á vef sambandsins. Miðlun þeirra skiptir miklu. Árið 2017 hófst vinna við að mata Power BI hugbúnað á ýmsum talnagögnum, en hugbúnaðurinn hefur áunnið sér gott orð fyrir myndræna og gagnvirka framsetningu gagna. Hefur þessari nýjung verið einkar vel tekið og var verkefnið í áframhaldandi þróun á árinu.

Nokkur fréttabréf um fjármál sveitarfélaga voru gefin út á árinu. Samantekt um fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga var gefin út í janúar og samhliða sett á vefinn excel skjöl þar sem finna má áætlanir einstakra sveitarfélaga. Í júní var gefið út fréttabréf um ársreikninga sveitarfélaga og í september um uppgjör stærstu sveitarfélaganna fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

Árbók sveitarfélaga 2018 var gefin út í október, en um er að ræða 34. árgang árbókar. Er hún minni að sniðum en undanfarin ár, en því veldur að textar voru skornir við trog og

er bókin nú nánast bara í töfluformi. Samhliða útgáfu árbókar komu út *Lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga 2017*. Áherslan í þeirri útgáfu er margvíslegur samanburður á rekstri og þjónustu milli sveitarfélaga.

Þá sendi sambandið öllum sveitarfélögum tvö minnisblöð vegna fjárhagsáætlunargerðar. Í fyrra minnisblaðinu var m.a. farið yfir sumarspá Hagstofu Íslands. Ástæða þótti til að uppfæra það minnisblað síðar á árinu, þar sem endurskoðuð þjóðhagsspá hagstofu fól í sér nokkrar veigamiklar breytingar á þróun efnahagslífs næstu árin.

KJARAMÁL

Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga starfa sex sérfræðingar sem hafa það meginhlutverk, að veita þeim stjórnendum og sérfræðingum sveitarfélaga sem vinna við framkvæmd kjarasamninga sérfræðiráðgjöf, upplýsingar og fræðslu um kjaramál, vinnurétt og mannauðsstjórnun. Kjarasvið annast einnig kjarasamningagerð fyrir hönd stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, túlkun kjarasamninga og vinnur að lausn ágreiningsmála sem koma upp vegna framkvæmdar kjarasamninga.

Kjaraviðræður árið 2018

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar við 61 stéttarfélag fyrir hönd allra sveitarfélaga landsins, að því undanskildu að umboð Reykjavíkurborgar takmarkast við Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fimm aðildarfélag Kennarasambands Íslands þ.e. Félag grunnskólakennara (FG), Skólustjórafélag Íslands (SÍ), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í leikskólum (FSL) og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT).

Kjarasvið sambandsins annast kjarasamningagerð fyrir hönd stjórnar sambandsins og hefur svarað fyrir í kjaramálum



Kjarasamningur við Félag grunnskólakennara var undirritaður í maí 2108. Hér handsala fulltrúar sambandsins og Félags grunnskólakennara samninginn.

vegna þeirra sveitarfélaga sem veita stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga umboð sitt til þess. Alls eru nú í gildi 43 kjarasamningar, sem flestir gilda út mars 2019, nema kjarasamningar kennarafélaganna.

Á árinu 2018 undirritaði samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) tvo kjarasamninga. Annars vegar var þann 9. maí sl. undirritaður samningur við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum þann nokkru síðar eða þann 25. maí var svo undirritaður samningur við Félag grunnskólakennara. Kjarasamningur tónlistarskólakennara gildir frá 1. apríl 2018 til 30. júní 2019 og kjarasamningur grunnskólakennara frá 1. desember 2017 til 30. júní 2019.

Jafnframt náðust samningar við Skólastjórafélag Íslands, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla og Félag íslenskra hljómlistarmanna um breytingar og framlengingu á kjarasamningum þeirra. Kjarasamningur skólastjóra gildir til 31. júlí 2019 en hinna félaganna til 30. júní 2019. Fengið var sérstakt samþykki stjórnar sambandsins fyrir þessum breytingum. Kostnaður vegna þeirra var nálægt 1,7 %, en á móti kemur lengdur samningstími.

Undirbúningur kjaraviðræðna ársins 2019

Undirbúningur kjaraviðræðna ársins 2019 hófst á haustmánuðum 2018. Undirbúningurinn felst í greiningarvinnu af ýmsu tagi, samráði og stefnumótun gagnvart einstökum viðsemjendum. Unnið er á grundvelli vinnumarkaðsstefnu sambandsins og sameiginlegrar kjarastefnu ríkis og sveitarfélaga.

Áætlað er að á árinu 2019 verði gerðir alls 43 kjarasamningar við 61 stéttarfélag. Í lok mars á því ári renna 35 kjarasamningar sitt skeið á enda og í lok júní og júlí renna út, því til viðbótar, 8 kjarasamningar við stéttarfélög kennara.

Dagana 24. október til 13. nóvember 2018 hélt kjarasvið átta samráðsfundi með sveitarstjórnarmönnum um allt land vegna komandi kjaraviðræðna. Fundirnir voru haldnir á Ísafirði, Akureyri, Reyðarfirði, Hvammstanga, Reykjanesbæ,

Selfossi, Borgarfirði og Hafnarfirði. Voru fundirnir almennt vel sóttir og umræður líflegar.

Fjallað var um vinnuveitendahlutverk sveitarstjórna og hlutverk stjórnar sambandsins í kjaramálum kynnt ásamt verkefnum kjarasviðs og samninganefndar sambandsins (SNS). Þá var einnig kallað eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna í ákveðnum málum er nýtast mun við undirbúning komandi kjaraviðræðna.

Einnig var rífað upp, að í aðdraganda umfangsmikilla kjaraviðræðna, kallar kjarasviðið eftir því að sveitarfélög og stofnanir, sem fela stjórn sambandsins samningsumboð sitt, endurnýi umboðin. Samningsumboð eru veitt sérstaklega vegna hvers stéttarfélags, sem starfsmenn sveitarfélags eða stofnunar eiga aðild að hverju sinni. Það er því afar mikilvægt að sveitarfélög uppfæri kjarasamningsumboð sín til samræmis við stöðuna á hverjum tíma og sendi kjarasviði sambandsins endurnýjuð umboð.

Þá var kynnt uppfært eyðublað fyrir samkomulag um kjarasamningsumboð, þar sem tekið hefur verið tillit til ákvæða persónuverndarlaga og skylda sveitarfélaga hefur verið staðfest, til að gefa kjarasviði sambandsins upplýsingar um laun starfsmanna sem nauðsynlegar eru svo að SNS geti reiknað út kostnað við breytingar kjarasamninga.

Innleiðing starfsmats á háskólastörfum

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við stéttarfélög háskólanna frá árinu 2016 var samið um upptöku starfsmats við öll aðildarfélög Bandalags háskólanna utan Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Einnig var samið um upptöku starfsmats við önnur stéttarfélög háskólanna er standa utan bandalaga þ.e. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag byggingafræðinga.

Aðgerðaráætlun sem fylgdi kjarasamningunum gerði ráð fyrir að innleiðingarferli væri lokið 1. júní 2018. Reyndin varð sú, að mat á störfum samkvæmt starfsmati tók lengri tíma en gert



Halldór Halldórsson kvaddi sveitarstjórnarmálin á árinu 2018.

var ráð fyrir. Tókst ekki að ljúka því fyrr en 31. janúar 2019, þegar lokið var að skrifa undir og samþykka mat störfum fyrir þá félagsmenn aðildarféлага BHM, sem sömdu um starfsmat í síðustu kjarasamningum.

Innleiðing starfsmats felur í sér, að samsetning heildarlauna starfsmanna BHM verður samkvæmt starfsmatskerfinu SAMSTARF. Samkvæmt samkomulagi við stéttarfélögin mun enginn starfsmaður lækka í launum við innleiðingu miðað við núgildandi launasetningu. Einnig var samið um upptöku nýrrar launatöflu V, sem gildir frá 1. janúar 2019.

Launahækkun hvers starfsmanns sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi aðildarfélags BHM, sem samið hefur um starfsmat, verður að lágmarki 21,1% á kjarasamningstímabilinu frá 1. september 2015 - 31. mars 2019.

Starfsmönnum er skipt í hópa A, B og C eftir því á hvaða tíma í innleiðingarferlinu þeir fara inn á starfsmatsröðun þ.e. 1. júní 2018 (A), 1. janúar 2019 (B) eða síðar (C).

Kjarasvið hefur sent ýtarlegar leiðbeiningar til launafulltrúa ásamt sérstakri reiknivél og vörpunarskjölum sem auðvelda eiga framkvæmdina í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Sérfræðingar kjarasviðs munu einnig aðstoða launafulltrúa eftir þörfum. Gert er ráð fyrir að fyrsta útborgun launa samkvæmt starfsmati verði 1. apríl 2019.

Innleiðing jafnlaunastaðals hjá sveitarfélögum

Kjarasvið hefur staðið fyrir kynningum á innleiðingu jafnlaunastaðalsins. Minna hefur reynt á ráðgjöf vegna innleiðingarinnar en gert var ráð fyrir.

Fræðslu- og kynningarfundir með launafulltrúum

Fulltrúar kjarasviðs tóku þátt í tveimur fundum launafulltrúa sveitarfélaga á árinu með flutningi fræðsluerinda. Fyrri fundurinn var haldinn á Akranesi 4. maí og hinn síðari á Akureyri 8. maí.

Samráðsfundur með mannauðsstjórum

Haldnir voru tveir fundir mannauðsstjóra sveitarfélaga á árinu og tóku fulltrúar kjarasviðs þátt í þeim. Fyrri fundinn hélt Kópavogsbær 15. febrúar og hinn síðari hélt Samband íslenskra sveitarfélaga 23. nóvember.

Framkvæmdanefnd starfsmats

Í nefndinni sitja fjórir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjórir fulltrúar stéttarfélaga. Þegar verið er að taka fyrir mat á störfum er fulltrúum stéttarfélags starfsmanns jafnframt boðið að sitja fund sem áheyrnarfulltrúi.

Framkvæmdanefnd Starfsmats fundaði öllu jöfnu á hálfmánaðar fresti. Fastur fundartími nefndarinnar er annan hvern mánudag kl. 11:00–13:00. Á árinu fundaði framkvæmdanefndin á hefðbundnum fundartíma 20 sinnum. Jafnframt fundaði nefndin 16 sinnum vegna innleiðingar starfsmats fyrir aðildarfélög BHM.

Framkvæmdanefndin afgreiddi 20 beiðnir um endurmat og 9 beiðnir um nýtt mat. Fundargerðir nefndarinnar eru á vef verkefnastofu á www.starfsmat.is

Á fyrri hluta ársins var veruleg áhersla lögð á að ljúka viðtölum við starfsfólk sem tilheyrir Bandalagi háskólamanna vegna mats á störfum þess. Í kjarasamningum árið 2016 samþykktu öll aðildarfélög BHM, utan Kjarafélags viðskipta og hagfræðinga, að á samningstímanum myndi samsetning heildarlauna háskólamanna og launaröðun starfa verða skv. starfsmati.



Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, og Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, öttu kappi um formannsstólinn í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Innleiðingarferlið hófst 1. apríl 2016 og átti, eins og áður hefur verið vikið að, að koma að fullu til framkvæmda 1. júní 2018. Nokkrar tafir urðu á því að gögn bærust skv. aðgerðaráætlun og var því ekki unnt að taka viðtöl árið 2016. Árið 2017 voru tekin 124 viðtöl vegna innleiðingarinnar. Í upphafi árs 2018 var ljóst, að vegna þessara tafa yrði á brattann að sækja, ef aðgerðaráætlunin ætti að standast. Í maí 2018 gerði Samband Íslenskra sveitarfélaga samkomulag við fulltrúa BHM um að innleiðingarferli starfsmats fyrir háskólamenntaða starfsmenn aðildarfélaga BHM hjá sveitarfélögum yrði ekki lokið fyrir 1. júní 2018 og stefnt væri að því að innleiðingunni yrði lokið eigi síðar en 31. desember 2018. Árið 2018 voru tekin 120 viðtöl vegna innleiðingarinnar og hófst úrvinnsla á mati starfanna í framkvæmdanefnd starfsmats í lok ágúst 2018.

Stefnt er svo að því að hefja á næsta starfsári vinnu vegna innleiðingarferils nýrra stéttarfélaga sem hafa samið um starfsmat. Félögin sem hér um ræðir eru Félag skipstjórnarmanna, Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands, Félag tæknifræðinga, Stéttarfélag byggingarfræðinga og Verk-stjórásambandið.

Stefnt er að því að kalla inn spurningalista og starfslýsinga vegna þessara nýju stéttarfélaga á næsta ári. Byrjað verður á Félagi skipstjórnarmanna, Verkfræðingafélagi Íslands og Félagi tæknifræðinga. Í kjölfar gagnasöfnunarinnar verður svo hafið skipulag viðtala.

Þá er stefnt að því að tillögur að mati á störfum vegna starfa Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga verði lagðar fram í framkvæmdanefndinni á fyrri hluta næsta árs, með það fyrir augum að ljúka þeirri fyrir sumarleyfi.

Einnig er ljóst að nokkuð verður um endurmatsbeiðnir á næsta ári vegna innleiðingar á starfsmati BHM og er stefnt að því að vinna úr þeim beiðnum jafnóðum og þær berast.

Verkefnastofa starfsmats

Verkefnastofa starfsmats er rekin í samstarfi Reykjavíkurborgar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Verkefnastofa vinnur fyrir tvær nefndir, framkvæmdanefnd starfsmats og starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar, auk þess að taka að sér ýmis verkefni í ráðgjöf til sveitarfélaga og fyrirtækja/stofnanna þeim tengdum um framkvæmd mats á störfum, launajafnrétti o.fl.

Starfsmenn verkefnastofu eru fimm talsins. Fjórir eru í fullu starfi og einn í 50% starfi.

Starfsmatnefnd Reykjavíkurborgar

Í nefndinni sitja þrjár fulltrúar Reykjavíkurborgar og þrjár fulltrúar stéttarfélaga. Þegar verið er að taka fyrir mat á störfum er fulltrúum stéttarfélags starfsmanns jafnframt boðið að sitja fund sem áheyrnarfulltrúi.

Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar fundar að öllu jöfnu á hálf mánaðar fresti. Fastur fundartími nefndarinnar er annan hvern þriðjudag kl. 10:00 – 12:00. Á árinu 2018 fundaði nefndin 19 sinnum og afgreiddi 20 ný mót og 10 beiðnir um endurmat. Fundargerðir nefndarinnar eru á vef verkefnastofu.

Þá voru tekin 23 viðtöl á árinu og eru starfsheiti, sem hafa enn ekki verið metin vegna vöntunar á gögnum frá sviði og/ eða starfsmönnum, alls 39 talsins. Einnig á eftir að meta störf vegna innkomu Fræðagarðs í starfsmatið.

Fagleg samráðsnefnd – viðhald starfsmatskerfisins

Fagleg samráðsnefnd starfsmats, sem er mynduð af öllum fulltrúum framkvæmdanefndar starfsmats og starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar, fundaði einu sinni á árinu og var sá fundur án fulltrúa Verkefnastofu starfsmats.

Hlutverk nefndarinnar er að vera faglegur samráðsvettvangur við starfsmatið og vinnubrögð starfsmatssérfræðinga með það að markmiði að samræma verkferla og verklag starfsmatsins.

Haldið verður áfram að ræða um endurskoðun á þekkingarþætti í faglegri samráðsnefnd starfsmats. Einnig verður hald-



Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi, og Aldís Hafsteinsdóttir, formaður sambandsins skiptust á skoðunum á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

inn í það minnsta einn fundur þar sem starfsmatsráðgjafar fara yfir þær spurningar sem helst þyrfti að skýra og/eða breyta til að auðvelda viðtöl.

Stefnt er að einni kynnisferð til Pilat í Bretlandi þar sem formaður framkvæmdanefndar starfsmats, formaður starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar og verkefnisstjóri verkefnastofu munu kynna sér utanumhald og uppfærslur á starfsmatskerfi Pilat og hitta fulltrúa nokkurra breskra sveitarfélaga sem nota kerfið.

Síðari hluta ársins verður varið í vinnu við að einfalda og stytta undirbúnings- og umsóknarkerfi vegna starfsmats. Löngu er orðið tímabært að fara yfir spurningalista, stytta hann og gera markvissari. Að sama skapi þarf að fara yfir öll eyðublöð og form með tilliti til nýrra persónuverndarlaga.

Vefur verkefnastofu – starfsmat.is

Vefnum á www.starfsmat.is er reglulega viðhaldið. Mikil ánægja hefur verið með vefinn, en þar má finna margvíslegt efni um starfsmatið, s.s. starfsreglur, almennar leiðbeiningar, eyðublöð og fræðsluefni.

SKÓLAMÁL

Eitt umfangsmesta verkefni sambandsins á árinu á sviði skólamála var eftirfylgd við skýrslu Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti skipulagði 23 fundi um allt land þar sem m.a. var rætt um aukið samstarf um málefni barna vegna innleiðingar menntastefnu um skóla án aðgreiningar. Lagði sambandið áherslu á að sitja þessa fundi ráðuneytisins.

Vinna gekk vel á árinu við útfærslu tillagna um úrbætur á skipulagi kennaranáms og inntak kennaramenntunar, en um er að ræða verkefni sem margir aðilar koma að. Markmið verkefnisins er m.a. að skipuleggja vettvangsnám fyrir kennaranema í meistaranámi og skapa hvata til þess að auka aðsókn í kennaranám. Verkefnið vegur þungt, sér í lagi ef

horft er til hækkandi meðalaldurs kennarastéttarinnar og þann kennaraskort sem að óbreyttu stefnir í.

Vinna hefur einnig staðið yfir við mótun tillagna um breytt fyrirkomulag leyfisbréfa kennara, sem hefur það að markmiði að auka samfellu milli skólastiga. Við heildarendurskoðun laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda árið 2008 var stefnt að því að útvíkka gildissvið leyfisbréfa leik-, grunn- og framhaldsskólakennara til aðliggjandi skólastiga þannig að viðkomandi kennari hafi einnig heimild til að kenna ákveðnum árgöngum eða á sérsviði sínu. Þessi markmið hafa ekki náð fram að ganga. Mikil vinna hefur farið fram við tillögugerð vegna frumvarps sem kynnt voru í upphafi árs 2019.

Járnkarlarnir voru á árinu áberandi á samfélagsmiðlum Snapchat, Facebook, Instagram og Twitter, þar sem þeir kynntu leikskólastarf á fjölbreyttan, lifandi og fræðandi hátt. Um er að ræða samstarfsverkefni Sambands Íslenskra Sveitarfélaga, Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, Kennaradeildar Háskólans á Akureyri og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Einkum er því ætlað að vekja athygli ungra karla á leikskólakennarastarfinu og að fjölga karlmönnum í því starfi. Má leiða að því líkum að verkefnið hafi átt einhvern þátt í fjölgun umsókna á meðal karla í leikskólakennaranám haustið 2018.

Sérfræðingar sambandsins tóku að vanda þátt í fjölmörgum starfshópum sem lúta að menntamálum. Má þar sem dæmi nefna starfshóp um mótun framtíðarstefnu um samræmd próf, vinnu að kortlagningu á þjónustu skólakerfisins við börn með annað móðurmál en íslensku og geðheilbrigðismál og heilsueflingu.

Í apríllok efndi sambandið til morgunverðarfundar undir yfirskriftinni *Viðkvæm álitamál og nemendur*. Fjallað var um erfiðleika og áskoranir sem komið geta upp í skólastarfi þegar viðkvæm álitamál ber á góma, s.s. hryðjuverk, sjálfsvíg, andlát nákomins, einelti og skilnaðir.



Landsþing sambandsins, hið fyrsta eftir sveitarstjórnarkosningar, var venju samkvæmt haldið á Akureyri.

Nýtt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarmenntun var undirritað 3. desember 2018 og er stuðningur ríkisins við tónlistarnám tryggður til næstu þriggja ára.

FÉLAGSÞJÓNUSTA

Stofnun samstarfsnefndar um fækkun grárra svæða í velferðarþjónustu

Samþykkt voru erindisbréf og fulltrúar skipaðir í samstarfsnefndina í janúar. Formennska í nefndinni fyrsta starfsárið er í höndum fulltrúa sambandsins. Grábók sambandsins er lögð til grundvallar í vinnunni og er samstarfsnefndin því einnig kölluð „Grábókarnefnd“. Nefndin fundaði reglulega á árinu og var áhersla lögð á málefni barna, m.a. með vísan til viljayfirlýsingar fjögurra ráðherra og sambandsins sem undirritað var í september. Nefndin hefur m.a. mótað tillögur um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn.

Ný og breytt lög um félagsþjónustu

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir ásamt breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga tóku gildi þann 1. október. Um er að ræða veigamestu breytingar sem gerðar hafa verið á lagaramma um félagsþjónustu sveitarfélaga á ríflega 25 ára tímabili. Sérfræðingar sambandsins lögðu mikla vinnu í undirbúning og eftirfylgni við breytingar samfara gildistöku laganna, s.s. vegna fjölmargra reglugerða á síðasta hluta ársins vegna NPA, nýskipunar á ytra eftirliti og fleiri þátta. Öflugt samráð var haft við sveitarfélögin í þessu ferli og einnig stóð sambandið fyrir tveimur umræðu- og upplýsingafundum um áhrif nýrra og breyttra laga. Fundirnir voru haldnir með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og voru vel sóttir.

Á árinu gengu í gildi breytingar á lagaákvæðum vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Breytingarnar byggja á niður-

stöðum úr endurmati á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk. Með þeim fékkst skýr lagastoð fyrir því að sjóðurinn veiti sveitarfélögum framlög til verkefna sem snúa að fasteignaþætti málaflokksins. Sambandið tók virkan þátt í að móta ramma um þessi framlög, m.a. í tengslum við undirbúning vegna reglugerðar sem sett var um mitt árið.

Velferðartækni

Sérfræðingar sambandsins tóku sæti í samstarfshópi SSH um innleiðingu á velferðartækni. Hópurinn fór í vel heppnaða kynnisferð til Kaupmannahafnar og Álaborgar um haustið, þar sem helstu nýjungar á sviði velferðartæknilausna voru kynntar. Einnig voru höfuðstöðvar KL, systurstofnunar sambandsins í Danmörku, heimsóttar og var þar hlýtt á umfjöllun um þær áskoranir sem sveitarfélög glíma við þegar kemur að innleiðingu tæknilausna í velferðarþjónustu.

Aldraðir

Á vettvangi öldrunarþjónustu tóku sérfræðingar sviðsins þátt í mótun áherslna sem lagðar voru fyrir landsþing sambandsins í september og endurspeglast í samþykktri stefnumörkun 2018-2022. Málefni öldrunarþjónustu eru unnin í samstarfi milli sviða sambandsins og hefur málaflokkurinn fengið vaxandi vægi. Fjölmargar nefndir eru starfandi og tóku sérfræðingar lögfræði- og velferðarsviðs m.a. þátt í umfjöllun um breytt greiðslufyrirkomulag á dvalar- og hjúkrunarheimilum og endurskoðun daggjalda.

Hjúkrunarheimili

Rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands (Sí) um þjónustu hjúkrunarheimila rann út í árslok 2018 án framlengingar. Í fjárlögum 2019 er gert ráð fyrir hækkingu upp á 3,7% á málefna sviði 25 (hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu) sem fyrst og fremst má rekja til fjölgunar hjúkrunarrýma. Á móti er gerð aðhaldskrafa upp á 0,5%. Ljóst var að fulltrúar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og sambandsins í samninganefnd gátu ekki fellt sig við lakari



Þjóðminjavörður fundaði með sambandinu í mars.

samning en undirritaður var í október 2016. Tilraunir til þess að fá leiðbeiningar frá SÍ um hvaða þætti kröfulýsingar mætti draga úr eða skera niður vegna þrengri fjárhagsramma hafa ekki borið árangur. Síðasti fundur samninganefndar var haldinn í október 2018. Óljóst er hvenær boðað verður til næsta fundar.

Í janúar 2018 hófust viðræður SÍ og fulltrúa frá SFV og sambandsins vegna rammisamnings um þjónustu dagdvalar aldraðra. Nefndin fundaði nokkrum sinnum á fyrstu mánuðum ársins 2018. Í mars var kostnaðarmat rekstraraðila á kröfulýsingu velferðarráðuneytis kynnt fyrir samninganefnd og ljóst að mikið bar á milli. Sameiginlegt minnisblað samninganefndar SÍ, SFV og sambandsins um stöðu mála var sent ráðherra í júlí 2018 og bent á mögulega valkosti í stöðunni; auka fjármagn til þjónustunnar, draga úr þjónustu með því að fækka dagdvalarrýmum eða draga úr þjónustu með að lækka kröfur. Engin viðbrögð hafa enn borist og hefur samninganefndin ekki komið saman síðan í mars 2018.

Ýmis önnur verkefni í félagsþjónustu

Samband íslenskra sveitarfélaga tók þátt í starfshópi sem var falið að vinna aðgerðaáætlun um forvarnir gegn sjálfsvígum með áherslu á gagnreyndar aðferðir. Starfshópurinn hóf störf haustið 2017 og fundaði mjög þétt. Lokaafurð vinnu starfshópsins var afhent heilbrigðisráðherra í apríl 2018 en um var að ræða tillögur í sex liðum.

Eitt af áherslumálum sambandsins snýr að samspili milli heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu gagnvart notendahópum sem eru í ríkri þörf fyrir þjónustu frá báðum kerfum. Á árinu voru þau tækifæri nýtt sem gáfust til þess að kalla eftir skýrari línunum hvað þetta varðar, m.a. við gerð opinberrar heilbrigðisstefnu til ársins 2030 og vinnu starfshóps um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi hjálpartækjamála.

Málefni innflytjenda og flóttafólks eru unnin í samstarfi á milli sviða sambandsins. Sérfræðingar lögfræði- og velferðarsviðs

komu m.a. að gerð tillagna um samræmd móttöku flóttafólk sem lokið var við undir lok árs og snúa m.a. að skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Sambandið tók þátt í vinnu sem hófst haustið 2018 og snýr að heildarendurskoðun velferðarráðuneytisins/félagsmálaráðuneytis á málefnum barna ásamt fyrirhuguðum breytingum á barnaverndarlögum. Félagspjónustufulltrúi sat í nefnd sem var falið að vinna nýja framkvæmdaáætlun í barnavernd 2018–2022 auk þess að vinna með þingmannanefnd og verkefnastjóra í málefnum barna. Undirhópar hafa verið að störfum þar sem um umfangsmikla vinnu er að ræða og felur m.a. í sér breytingar á núverandi skipan og fyrirkomulagi barnaverndarmála á landinu. Vinnunni verður framhaldið árið 2019.

STJÓRNSÝSLA

Persónuvernd

Mikill hraði var á innleiðingu reglugerðar ESB um meðferð persónuupplýsinga við lok vorþings, sem torveldaði markvissa hagsmunagæslu við setningu löggjafarinnar. Fyrir liggur mat á kostnaðaráhrifum gagnvart sveitarfélögum, en engar viðræður hafa átt sér stað um leiðir til að bæta sveitarfélögum þennan kostnaðarauka. Vinna við innleiðingu nýrra laga hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra hefur gengið vel á árinu. Tengiliðahópur persónuverndarfulltrúa sveitarfélaga hefur starfað náið saman við að leysa margvísleg álitæfni. Einnig veitti Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styrk til þess að innleiða löggin í grunnskólum, leikskólum og á frístundaheimilum. Vinna við það verkefni mun teygjast yfir á árið 2019.

Öryggisvitundarfræðsla fyrir starfsfólk sveitarfélaga

Sveitarfélögum stóð til boða aðild að rammisamningi sem gerður var í febrúar við þekkingarfyrirtækið Awarego. Fyrirtækið sérhæfir sig í öryggisvitundarfræðslu fyrir



Sambandið og Skólalastjórastjórn SÍ fundu til kynningarfundar um nýja persónuverndarreglugerðina í byrjun sumars. Hér eru Þorsteinn Sæberg Sigurðsson, formaður SÍ, Telma Halldórsdóttir persónuverndarfulltrúi sambandsins og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur í skólumálum á fundi sem fram fór á Akranesi.

starfsfólk, en öryggisvitund lýtur m.a. að innleiðingu nýju persónuverndarlaganna.

Ný lög um lögheimili og aðsetur

Ný lög um lögheimili og aðsetur voru samþykkt á Alþingi hinn 11. júní með almennu gildistökuákvæði þann 1. janúar 2019. Undanskilin voru þó ákvæði sem taka gildi ári síðar um skráningu lögheimilis niður á tiltekna íbúð í fjölbýlishúsi eða eftir atvikum húsi og heimild einstaklings og fjölskyldu hans til að fá lögheimili sitt dulið í þjóðskrá.

Opinber innkaup

Unnið var að því að koma á tengiliðahóp um opinber innkaup og fundaði sá hópur reglulega yfir árið. Markvisst var unnið að því að auka samstarf við Ríkiskaup og náðust fram breytingar á gjaldskrá Ríkiskaupa sveitarfélögum í vil. Einnig hefur tekist vel að auka aðkomu sveitarfélaga að málum er varða opinber innkaup almennt.

Ferðamál

Á grundvelli laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða var gefin út þriggja ára verkefnaáætlun um uppbyggingu og verndun ferðamannastaða ásamt stefnumótandi áætlun til 12 ára. Þessi vinna markar tímamót í náttúruvernd hér á landi og er mikilvægt skref til að styrkja umhverfisleg þolmörk ferðaþjónustu, sem hefur eins og alkunna er verið í miklum vexti undanfarin ár. Fjármögnun verkefna á grundvelli áætlunarinnar er tryggð samkvæmt fjármálaáætlun og er óhikað hægt að tala um nýja tíma í náttúruvernd.

Á landsþingi sambandsins var áréttuð krafa um að tekjur ríkisins af gistináttaskatti renni til sveitarfélaga. Sambandið á fulltrúa í starfshópi um gjalddöku í ferðaþjónustu, sem upphaflega átti að skila tillögum fyrir lok ársins en tafir hafa orðið á tillögugerð, m.a. vegna erfiðrar stöðu íslensku flugfélaganna.

Sambandið hefur einnig kallað eftir því að tillögum Ferðamálaráðs um aðgerðir til að bæta eftirlit með skammtímaleigu nái fram að ganga. Sambandið lýsti sig hlynnt þeim tillögum en þar var m.a. gert ráð fyrir að sveitarstjórnir gætu ákveðið að stytta hámarkstíma heimagistingar innan sinna marka, úr 90 dögum í 30 daga. Drög að lagafrumvarpi lágu fyrir sl. vor en ekki hefur enn orðið af framlagningu þess.

Í fyrrnefndu lagafrumvarpi um breytingar á lögum um veitingastaði, gístaði og skemmtanahald var einnig gert ráð fyrir ákvæði sem heimilaði lögreglu að heimta gjald fyrir eftirlit með bæjarhátíðum. Sambandið lagði mjög eindregið gegn þessari gjalddöku og var niðurstaðan sú að fallið hefur verið frá þessum hugmyndum.

Áfangastaðaáætlanir landshluta voru kynntar á málþingi 15. nóvember en áætlanirnar eru afrakstur mikillar vinnu í öllum landshlutum. Áætlanirnar fela í sér tillögur um aðgerðir til að efla ferðaþjónustu á hverju svæði, út frá sameiginlegri framtíðarsýn landshlutans. Gera má ráð fyrir að sveitarfélög í hverjum landshluta verði í lykilhlutverki við frekari útfærslu og eftirfylgni tillagnanna, í samstarfi við markaðsstofur og Ferðamálastofu.

Siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Siðanefnd fékk á árinu tvö álitamál til umfjöllunar. Því fyrra var tekið fyrir að beiðni forsætisnefndar Reykjavíkurborgar og varðar þau sjónarmið sem kunna að gilda þegar kjörnir fulltrúar gera störf starfsmanna sveitarfélaga að umtalsefni í opinberri umræðu. Síðara álitamálið tók siðanefnd fyrir að beiðni forsetanefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar, en það snýr að ummælum kjörins fulltrúa á samfélagsmiðli. Nefndin hélt fjóra fundi á árinu.



ALÞJÓÐAMÁL

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Fulltrúi Samband Íslenskra sveitarfélaga var í mars skipaður í verkefnisstjórn forsætisráðuneytisins um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Á síðari hluta ársins hófst undirbúningur að kynningu heimsmarkmiðanna á sveitarstjórnarstigi og var m.a. litið til hinna Norðurlandanna í þeim efnum.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA

Vorfundur sveitarstjórnarvettvangs EFTA fór fram í Reykjavík í júní. Helstu viðfangsefni þessa 17. fundar vettvangsins voru orku- og loftslagsmál, jafnlaunavottun, jafnvægi vinnu og einkalífs. Einnig var útganga Breta úr ESB (Brexit) til umræðu. Vettvangurinn fundaði svo í 18. sinn í Brussel í desember. Voru helstu fundarefni áframhaldandi aðkoma sveitarfélaga að samstarfsáætlanum ESB, útganga Breta úr ESB (Brexit) og ný tilskipun ESB sem snýr að „vernd hvíslara“. Einnig var fundað með fulltrúum Svæðanefndar Evrópusambandsins. Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES EFTA samstarfinu. Ítarlegar samantektir um fundi vettvangsins eru aðgengilegar á vef sambandsins. Kolbrún J. Pétursdóttir, formaður Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tók þátt í fundinum í forföllum Rósu Guðbjartsdóttir, formanns Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þá var Raket Óskarsdóttir kjörin nýr varaformaður vettvangsins.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins er samstarfsvettvangur evrópskra sveitarfélaga og svæða. Af Íslands hálfu sækja þingið þrjú fulltrúar, sem stjórn sambandsins tilnefni til fjögurra ára í senn. Á árinu sóttu þau Halldór Halldórsson, Sigurður Björn Blöndal og Anna Gunnhildur Ingvarsdóttir

því síðustu sveitarstjórnarþingin að sinni hálfu. Vorþingið, 34. fundur sveitarstjórnarþingsins, var haldið í apríl undir yfirskriftinni *Mannréttindamiðuð stjórnsýsla* og ræddu fundarmenn hlutverk sveitarstjórnarmanna og starfsfólks í að samþætta mannréttindi í alla starfsemi sveitarfélaga. Í nóvember fór svo 35. sveitarstjórnarþingið fram. Yfirskrift þess var *Heilindi og siðferðisleg hegðun kjörinna fulltrúa á sveitarstjórnarstigi*. Þá var Sigurður Björn Blöndal flutningsmaður ályktunar um staðbundið lýðræði í Georgíu, Slóveníu og Litháen, en hann tók þátt í eftirlitsnefnd þingsins sem mat stöðuna í Litháen. Ungmennafulltrúi var Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir. Ritarar íslensku sendinefndarinnar voru Anna Guðrún Björnsdóttir og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir.

Evrópusamtök sveitarfélaga – CEMR

CEMR stóð fyrir veglegri ráðstefnu í Bilbao í júní um jafnrétti og fjölmenningu. Framlag Íslands var kynning Halldóru Gunnarsdóttur, jafnréttissérfræðings Reykjavíkurborgar, á mannréttindastefnu borgarinnar. Auk hennar tóku þátt stjórnarkonurnar Halla Sigríður Steinólfsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir sem og Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Nýir fulltrúar tóku þátt af hálfu sambandsins í fundi stefnumótandi nefndar CEMR, sem haldinn var í Ludwigsborg í desember. Voru það stjórnarmennirnir Jón Björn Hákonarson og Heiða Björg Hilmisdóttir. Þá tók formaður sambandsins, Aldís Hafsteinsdóttir, þátt í pallborðsumræðum um aðgerðir sveitarfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Uppbyggingarsjóður EES

Fulltrúar Reykjavíkurborgar tóku ásamt sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs þátt í fundi í Búlgaríu um samstarfsverkefni með stuðningi EES uppbyggingarsjóðsins, sem fram fór í október.



Fulltrúar á 18. fundi Sveitarstjórnarvettvangs EFTA sem fram fór í Brussel dagana 6.-7. desember 2108.

Málþing í samstarfi við evrópsk systrasambönd

Samband íslenskra sveitarfélaga stóð að málþingi um samráð ríkis og sveitarfélaga í Brussel í maí í samstarfi við systursveitarfélagasambönd Austurríkis, Svíþjóðar, Skotlands, Hollands, Ítalíu og Danmerkur. Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, var á meðal framsögumanna. Fjallaði hann um samráð ríkis og sveitarfélaga á Íslandi en nokkuð óvenjulegt er að slíkt samráð sé lögbundið eins og gert er með íslensku sveitarstjórnarlögum.

Viðburður Brussel-skrifstofu um endurnýjanlega orku

Brussel-skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga skipulagði í tengslum við evrópuviku sjálfbærrar orku, sem fór fram í júní, viðburð um nýsköpun sveitarfélaga og endurnýjanlega orku. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við danska, skoska, sænska og finnska sveitarfélagasamböndin sem og Katalóníu.

Norrænt samstarf

Sveitarfélögum bauðst að fara í námsferð til Danmerkur í samvinnu við Samtök stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga (SSSFS) í september. Yfirskrift ferðarinnar var *Umbætur, skilvirkni, stafræn þróun og samstarf við íbúa í dönskum sveitarfélögum*. Heimsótt voru þrjú sveitarfélög á Suður-Jótlandi og Fjóni. Einnig var danska sveitarfélagasambandið í Kaupmannahöfn heimsótt, sem og Nýsköpunarhús Kaupmannahafnarborgar og sveitarfélagið Drageyri í nágrenni Kasturp flugvallar. Var ferðin vel sótt.

Í júlí skipulagði sænska sveitarfélaga- og svæðasambandið, SKL, ráðstefnu í tengslum við formennsku Svía í Norrænu ráðherranefndinni. Jónína Erna Arnardóttir, stjórnarkona hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tók af Íslands hálfu þátt í ráðstefnunni ásamt Önnu Kolbrúnu Árnadóttur, þingmanni

norðausturkjördæmis. Tók Jónína Erna jafnframt þátt pallborðs umræðum á ráðstefnunni.

MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐISMÁL

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna (S.þ.) um réttindi fatlaðs fólks var fullgiltur af Íslands hálfu haustið 2016. Lögfræði- og velferðarsvið hefur nýtt þau tækifæri sem gefist hafa til þess að gæta hagsmuna sveitarfélaga við innleiðingu sáttmálans, m.a. með því að kalla eftir kostnaðarmati á áætlunum, aðgerðum og lagabreytingum. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að eiga samtal við hagsmunasamtök notenda til þess að stuðla að sameiginlegum skilningi á áhrifum einstakra greina sáttmálans á þá þjónustu sem sveitarfélögin veita, þar á meðal í skólum. Á árinu voru haldnar fjölmargar ráðstefnur, málþing og fundir sem að verulegu leyti snerust um sáttmálann. Sérfræðingar sambandsins tóku þátt í þessum viðburðum auk fulltrúa frá sveitarfélögum og þjónustusvæðum í málefnum fatlaðs fólks.

Aðgerðir í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga

Kjörsókn hefur um árabíl dregist saman hægt og bitandi og nemur nú 67%. Þegar mest lét á 8. áratug síðustu aldar tóku 88% kjósenda þátt í sveitarstjórnarkosningum. Hefur stjórn sambandsins og formaður ítrekað lýst áhyggjum af þessari þróun. Minnkandi kosningabátttaka er vaxandi vandamál víða um lönd og hefur sambandið m.a. litið til hinna Norðurlandanna um aðgerðir sem veitt geta þessari þróun viðnám. Kosningarannsóknir sýna að kjörsókn er hvað dræmest á meðal ungs fólks og fólks af erlendum uppruna og var með hlíðsjón af því ákveðið að sambandið styrkti *Ég kys*, lýðræðisverkefni sem Landssamband ungmennafélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema komu í sameiningu að og hafði fram að þessu eingöngu snúið að þátttöku ungs fólks í alþingiskosningum. Þá var einnig ákveðið að sambandið útbyggja staðlað upplýsingaefni fyrir sveitarfélög ætlað fyrstu



Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, slóst í för með fríðu föruneysi mennta- og menningarmaálaráðherra til Óslóar í ágúst 2018.

kjósendum og íbúum af erlendum uppruna. Upplýsingaefnið var á íslensku, ensku og pólsku og sneri í megindráttum að staðsetningu kjörstaða, aðgang að upplýsingum úr kjörskrá og fjöltyngdum upplýsingaveitum á www.egkys.is og á kosningavef dómsmálaráðuneytisins www.kosning.is.

Íbúasamráð

Kynningarfundur fór fram í mars vegna útgáfu sambandsins á handbók um íbúasamráð. Var fundurinn tekinn upp og settur á vef sambandsins sem örnámskeið í íbúasamráði. Fjallað var á námskeiðinu almennt um handbókina og notkun hennar, meginreglur íbúasamráðs, undirbúning og framkvæmd íbúasamráðs og aðferðir til að fá fleiri til að taka þátt og virkja fólk.

Landsfundur sveitarfélaga um jafnréttismál

Landsfundurinn var haldinn 20. september í samstarfi við Jafnréttisstofu og Mosfellsbæ. Fór landsfundurinn fram í Hlégarði í Mosfellsbæ undir yfirskriftinni *Ungt fólk og jafnrétti* og stóð m.a. Feministafélag Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir umræðum um #MeToo byltinguna. Jafnframt var þess minnst að í septembermánuði 2008, eða 10 árum áður, undirritaði Mosfellsbær fyrst sveitarfélaga hér á landi Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum. Þann 21. september, var jafnréttisdagur Mosfellsbæjar haldinn hátíðlegur með málþingi um jafnréttismál og afhendingu viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur á sviði kynjajafnréttis.

UMHVERFIS- OG TÆKNIMÁL

Umhverfismál

Sambandið veitti umsögn um fyrstu aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Sambandið kallar sérstaklega eftir því að við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar verði horft til þess hvernig hægt verði að tryggja sem breiðasta aðkomu

sveitarfélaga að einstökum verkefnum þar sem reynir á aðkomu þeirra ásamt því að þau sveitarfélög sem lengst eru komin á veg miðli sinni reynslu til fleiri sveitarfélaga. Verkefni á sviði loftslagsmála eru víða og mörg þeirra snúa að sveitarfélögum með beinum eða óbeinum hætti. Takmarkað samráð var um drögin við sveitarfélög og samtök þeirra og þarf að bæta úr því við endanlega frágang tillögunnar, sem og við undirbúning annarrar útgáfu áætlunarinnar á næsta ári.

Sambandið tók þátt í samráðsvettvangi um gerð aðgerða-áætlunar gegn plastmengun. Tillögur hópsins voru birtar í nóvember til umsagnar. Í umsögn sambandsins er tekið fremur jákvætt í framkomnar tillögur. Forsenda forgangsröðunar einstakra tillagna, sérstaklega þeirra sem talist geta íþyngjandi fyrir sveitarfélög, fyrirtæki eða almenning, hljóti þó að vera að fyrir liggi vönduð ábata- og kostnaðargreining, ásamt því að fjármagni verði varið til rannsókna og vöktunar á áhrifum plastmengunar.

Samskipti við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa verið mjög mikil á árinu vegna laga- og reglugerðabreytinga um losun frá mengandi iðnaði, sem geta haft mikil áhrif á framkvæmd heilbrigðiseftirlits og fela m.a. í sér að stærstur hluti rekstraraðila sem falla undir eftirlit heilbrigðiseftirlitssvæðanna þurfi ekki lengur starfsleyfi. Þessar breytingar eru að áliti sambandsins ekki nógu vel undirbúnar auk þess sem sambandið hefur gagnrýnt harðlega að við innleiðinguna hafi lagaumhverfið verið flækt alltof mikið og að ástæðulausu.

SAMGÖNGU- OG BYGGÐAMÁL

Samgöngur

Samningar landshlutasamtaka og Vegagerðarinnar um framkvæmd almenningsamgangna, sem gerðir voru á árinu 2012 runnu út í árslok. Ein landshlutasamtök skiluðu verkefninu en aðrir samningar voru framlengdir um eitt ár á meðan unnið



Samkomulag í Ráðherrabústaðnum í apríl 2018

er að stefnumótun og ákvörðun framtíðarfyrirkomulags um rekstur almenningssamgangna milli landshluta.

Í tengslum við umfjöllun á Alþingi um drög að samgönguáætlanir varð mikil umræða í Þjóðfélaginu um innviðagjöld til að fjármagna samgönguframkvæmdir. Í umsögn sambandsins um samgönguáætlanir var ekki lýst beinni afstöðu til slíkrar gjaldtöku enda hefur sambandið ekki mótað stefnu um þetta málefni. Í umsögninni segir þó að með fjölbreyttari fjármögnun kann að vera mögulegt að flýta framkvæmdum sem gætu stutt við atvinnuuppbyggingu, aukið hagvöxt og samkeppnishæfni og öryggi vegfaranda. Er þess vænst að áfram verði haft samráð við fulltrúa sambandsins um þróun slíkra hugmynda.

Fiskeldi

Ný lög um skipulag haf- og strandsvæða var samþykkt í júní. Skipun svæðisráða til að gera tillögur að strandsvæðisskipulagi á skilgreindum svæðum á Vestfjörðum og Austfjörðum dróst þó fram yfir áramót en vinna við gerð þessara áætlauna mun vonandi komast í fullan gang á árinu 2019.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi atvinnuveganefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Frumvarpinu er ætlað að skapa aukna sátt um uppbyggingu fiskeldis hér á landi. Umsögnin var unnin í nánú samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga. Frumvarpið byggir að stærstum hluta á tillögum starfshóps um stefnumótun í fiskeldi, sem settar eru fram í skýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra dags. 21. ágúst 2017.

Byggðaráðstefna 2018

Árleg byggðaráðstefna var haldin í október í samstarfi við Byggðastofnun, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Stykkishólmsbæ. Yfirskriftin ráðstefnunnar var: *Byggðapróun og umhverfismál, hvernig getur blómleg byggð og náttúruvernd farið saman?* Ráðstefnuna sóttu um 100 manns víðs vegar

af landinu. Flutt voru 20 erindi og/eða ávörp og voru á meðal framsögumanna Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, Stefán Gíslason stofnandi Umhverfisráðgjafar Íslands, Auður Anna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, Sigurður Ingi Jóhannsson, byggðamálaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmið ráðstefnunnar var að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðamálum og umhverfismálum með það fyrir augum að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar um allt land.


UPPLÝSINGATÆKNI OG NÝSKÖPUN

Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu

Samband íslenskra sveitarfélaga, Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Rannís, Nýsköp-unarmiðstöð Íslands og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands héldu í júní ráðstefnu um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Yfirskrift ráðstefnunnar, sem var afar vel sótt, var *Betri opinber þjónusta með öflugum samstarfi og nýtingu stafræna lausna*. Ráðstefnunni lauk með afhendingu nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Verðlaunin hlaut rafræna lyfjaumsjónarkerfið ALFA. Þá fengu Ísafjarðarbær, Kópavogsbær, Skútustaðarhreppur og Vatnajökulspjöldgarður sérstakar viðurkenningar fyrir nýsköpun. Verðlaun og viðurkenningar afhenti Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

Dagur upplýsingatækninnar 2018

Hinn árlegi UT-dagurinn var haldin í desember undir yfirskriftinni *Stafræn framtíð hins opinbera, hvernig byrjum við?* Fjallað var um stöðu stafræna samskipta sem meginsamskiptaleið stjórnvalda við fyrirtæki og almenning, en í undirbúningi er að landsmenn geti á einum stað nálgast



Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, og Halldór Hallórssón, formaður stjórnar, sátu fund með Jin Zhjian, sendiherra Kína á Íslandi, og Liu Wei, aðstoðarmanni hans, í lok maí 2018.

Þjónustu hins opinbera og sinnt erindum sem beinast að stjórnvöldum á www.island.is. UT-dagurinn hefur verið haldinn frá árinu 2006 af fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Ský. Tilgangurinn er að fjalla um það sem er efst á baugi í upplýsingatæknimálum í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Styrkir til meistaranema

Á árinu 2015 samþykkti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að veita árlega á árunum 2016-18 styrki til allt að þriggja meistaranema við viðurkennda háskóla. Samþykkt þessi er gerð í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins, sem stofnað var í júní árið 1945. Á árinu 2018 var síðustu styrkjunum úthlutað til þriggja lokaverkefna. Styrkina hlutu Bjarni D. Daníelsson fyrir lokaverkefni um stefnumótun og framtíðarsýn svæðisáætlana sveitarfélag í úrgangsmálum, Hulda Sólveig Jóhannsdóttir fyrir lokaverkefni um heilsueflandi samfélag, Lieselot Michele Maria Simoen fyrir lokaverkefni um félagslegt hlutverk leikskólans í fjölmeningarsamfélag.

SAMSKIPTA- OG UPPLÝSINGAMÁL

Sveitarstjórnarmál og Tíðindi af sveitarstjórnarmálum

Rafræna fréttabréfið *Tíðindi af sveitarstjórnarmálum* endurvakið á árinu 2018 og var því dreift til sveitarstjórnarfólks og áhugafólks um sveitarstjórnarmál einu sinni til tvisvar í mánuði, allt eftir því sem fréttir, viðburðir og tilkynningar stóðu hverju sinni til. Tíðindum er ætlað að vekja athygli á því helsta sem er á döfinni hverju sinni í sveitarstjórnarmálum. Tímaritið Sveitarstjórnarmál verður á hinn bóginn helgað viðtölum og fréttáuttekum. Alls komu 5 tölublöð af Sveitarstjórnarmálum á árinu. Síðustu tvö blöðin voru gefin út af sambandinu eins og nánar er sagt frá á bls. 10

Viðburðir

Á viðburðardagatali á vef sambandsins, www.samband.is, kemur fram að sambandið kom að, sem skipuleggjandi eða samstarfsaðili, 24 fundum og ráðstefnum á árinu 2018. Er það svipaður fjöldi og árið 2017 þegar fundirnir voru 28 talsins. Flestir fundanna voru teknir upp og/eða streymt og eru allir tenglar aðgengilegir á vef sambandsins.

Vefurinn sækir á

Fylgst er með notkun á vef sambandsins á www.samband.is með aðstoð Google Analytics. Helstu niðurstöður eru þær að ársnotkun á vefnum jókst um 19,4% í samanburði við vefnotkun ársins 2017 og fjölgaði notendum úr 65.000 á árinu 2017 í tæplega 78.000. Heimsóknir jukust á milli ára um nær fjórðung, eða 23,1%, fóru úr tæpum 153.000 heimsóknum í 188.000. Þá jukust síðuheimsóknir (fjöldi síðna sem smellt er á) um fimmtung, en síðusmellir voru tæplega 630.000 saman borðið við 524.000 árið áður.

Námskeið

Að sveitarstjórnarkosningum afloknum stóð Samband íslenskra sveitarfélaga að vanda fyrir námskeiðinu *Það sem þú þarft að vita sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn*. Námskeiðið er einkum ætlað nýkjörnum fulltrúum og var haldið í hverjum landshluta í samstarfi við viðkomandi landshlutasamtök. Stóð námskeiðshrinan að þessu sinni yfir 15. ágúst til 22. nóvember og mættu samtals 253 fulltrúar. Er það svipaður fjöldi og á árinu 2014, þegar síðasta hrina fór fram, en þá sóttu námskeiðið alls 249 manns. Tenglar á námsskeiðsbók og -glærur eru aðgengilegir á vef sambandsins ásamt upptökum á síðasta námskeiði hrinunnar. Þess má svo geta að námskeiðsbókin hefur verið uppfærð.

Námskeið fyrir nýjar fræðslunefndir var haldið þann 26. nóvember á Grand hóteli. Að þessu sinni var eingöngu haldið eitt miðlægt námskeið á höfuðborgarsvæðinu sem gert var aðgengilegt öllu landinu með streymi. Námskeiðið var tekið



Samkomulag í Ráðherrabústaðnum í apríl 2018

upp og er auk þess aðgengilegt á upplýsingavef sambandsins. Alls skráðu 154 sig á námskeiðið og valdi meirihlutinn sér að fylgjast með námskeiðinu í gegnum streymi. Um 50 manns voru í sal á Grand hóteli. Þátttakendur sem fylgdust með í streymi gátu sent inn fyrirspurnir með tölvupósti sem svarað var jafnóðum af fyrirlesurum. Til samanburðar má nefna að þegar sambærileg námskeið voru haldin í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2014 á alls 9 stöðum á landinu voru þátttakendur 128.

STARFSMANNAMÁL

Við árslok 2018 voru starfsmenn sambandsins 29 talsins í 28,4 stöðugildum. Þar af var einn starfsmaður á skrifstofu sambandsins í Brussel. Af starfsmönnum sambandsins eru 16 karlar eða rétt ríflega 43%.

Lúðvík E. Gústafsson, verkefnisstjóri í úrgangsmálum og umhverfismálum, lét af störfum í lok árs 2018 eftir 11 ára farsælt starf. Eitt af hans síðustu verkefnum var að fara hringferð um landið til að hitta sveitarstjórnarmenn í þeim tilgangi að aðstoða við gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs.

Aðrar breytingar á starfsmannahópnum voru á árinu þær, að Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi sagði upp störfum, en hún hafði verið í námsleyfi árið 2017. Þá létu þær Telma Halldórsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins af störfum. Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur var ráðin í stað Telmu og við Brussel-skrifstofunni tók Óttar Freyr Gíslason.

Að venju stóð Starfsmannafélag sambandsins og Lánasjóðsins fyrir margskonar félagslífi og samkomuhaldi, sem starfsmenn voru duglegir að taka þátt í.



Umboðsmaður barna, Salvör Nordal, og Guðríður Bolladóttir lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns barna, funduðu með formanni og framkvæmdastjóra sambandsins í desember.

STARFSMENN SAMBANDSINS Í DESEMBER 2018

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Hag- og upplýsingasvið:

Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri
Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur
Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri
Benedikt Þór Valsson hagfræðingur
Berglind Eva Ólafsdóttir sérfræðingur
Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur
Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur
Margrét Sigurðardóttir sérfræðingur

Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri
Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur
Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur
Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur
Sigrún Þórarinsdóttir félagsþjónustufulltrúi
Svandís Ingimundardóttir skólamálafrú
Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur
Þórður Kristjánsson sérfræðingur

Rekstrar- og útgáfusvið:

Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri
Guðmunda Oliversdóttir bókari
Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri
Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og þjónusturáðgjafi
Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri
Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri
Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari
Þóra Helgadóttir, bókari og launafulltrúi

Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri
Óttar Freyr Gíslason, forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins



Starfsmenn sambandsins klæddu sit upp í jólaklæði á Litlu jólunum 2018.

STJÓRN OG NEFNDIR Í DESEMBER 2018

Stjórn sambandsins:

Aldís Hafsteinsdóttir formaður, Suðurkjördæmi
Heiða Björg Hilmisdóttir varaform., Reykjavíkurborgardæmi
Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, Reykjavíkurborgardæmi
Eyþór Laxdal Arnalds, Reykjavíkurborgardæmi
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjördæmi
Guðmundur Ari Sigurjónsson, Suðvesturkjördæmi
Rakel Óskarsdóttir, Norðvesturkjördæmi
Bjarni Jónsson, Norðvesturkjördæmi
Kristján Þór Magnússon, Norðausturkjördæmi
Jón Björn Hákonarson, Norðausturkjördæmi
Ásgerður K. Gylfasdóttir, Suðurkjördæmi

Kjaramálanefnd:

Rakel Óskarsdóttir bæjarfulltrúi, Akraneskaupstað
Gunnar Jónsson bæjarritari, Fjarðabyggð
Halla Margrét Tryggvadóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs,
Akureyrarkaupstað
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri, Reykjavíkurborg

Félagsþjónustunefnd:

Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjölskyldudeildar,
Akureyrarkaupstað
Friðrik Már Sigurðsson sveitarstjórnarfulltrúi, Húnaþingi
vestra
Ólafur Þór Ólafsson bæjarfulltrúi, Suðurnesjabær
Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri skrifstofu félagsþjónustu,
Hafnarfjarðarkaupstað
Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg

Skipulagsmálanefnd:

Bárður Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi,
Sveitarfélaginu Árborg
Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri, Þingeyjarsveit
Gauti Jóhannesson sveitarstjóri, Djúpavogshreppi
Hrafnkell Proppé, svæðisskipulagsstjóri
höfuðborgarsvæðisins
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir borgarfulltrúi,
Reykjavíkurborg

Fræðslumálanefnd:

Anna Magnea Hreinsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs,
Borgarbyggð
Margrét Halldórsdóttir forstöðumaður, Ísafjarðarbæ
Skúli Helgason borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg
Einar Már Sigurðarson bæjarfulltrúi, Fjarðabyggð
Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðslusviðs, Reykjanesbær

Siðanefnd:

Sigurður Kristinsson formaður
Erling Ásgeirsson varaformaður
Anna Guðrún Björnsdóttir

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA:

Eggert Kjartansson, formaður Samtaka sveitarfélaga á
Vesturlandi
Sigurður Hreinsson, varaformaður Fjórðungssambands
Vestfirðinga
Porleifur Karl Eggertsson, formaður Samtaka sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Rakel Óskarsdóttir, stjórnarmaður í Sambandi íslenskra
sveitarfélaga, tilnefnd af sambandinu
Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi tilnefnd af
Reykjavíkurborg
Rósa Guðbjartsdóttir, formaður Samtaka sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Samband íslenskra sveitarfélaga

Ársreikningur
2018

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík

kt. 550269-4739

Efnisyfirlit ársreiknings

Skýrsla og áritun stjórnenda.....	23	Efnahagsreikningur.....	27
Áritun óháðs endurskoðanda.....	24	Sjóðsstreymisyfirlit.....	28
Rekstrarreikningur.....	26	Skýringar.....	29

Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 73 að tölum, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 657,4 m.kr. á árinu 2018 en rekstrargjöld 631,5 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 26,0 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 26,4 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 448,6 m.kr. Þar af eru laun vegna stjórnar, nefnda og ráða 23,7 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 28,1.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2018 nema 247,0 m.kr. en skuldir námu 82,5 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 164,5 m.kr. í árslok 2018.

Stjórn, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 22. febrúar 2019.

Stjórn:

Alfriður Halldórsdóttir
Rannveig Guðmundsdóttir
Hallgrímur L. Þorgeirsson
Þorvaldur Guðmundsson
Ólafur Þorvaldursson

Ólafur Þorvaldursson
Ólafur Þorvaldursson
Ólafur Þorvaldursson
Ólafur Þorvaldursson
Ólafur Þorvaldursson

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Þorvaldursson

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:

Ólafur Þorvaldursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sambands Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sambandsins.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. febrúar 2019

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun 2018	Ársreikningur 2017
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		478.952.576	470.500.000	440.767.642
Framlag Bakhjarls sambandsins		0	10.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta		136.127.605	136.023.000	102.183.940
Aðrar tekjur		42.346.508	25.500.000	30.911.217
	10	<u>657.426.689</u>	<u>642.023.000</u>	<u>573.862.799</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	11	448.607.185	445.752.000	408.399.830
Annar rekstrarkostnaður	12	180.667.669	192.917.507	149.069.765
Afskriftir	14	2.176.493	2.176.493	2.176.493
		<u>631.451.347</u>	<u>640.846.000</u>	<u>559.646.088</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>25.975.342</u>	<u>1.177.000</u>	<u>14.216.711</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		773.198	706.000	588.182
Vaxtagjöld		(299.920)	(6.000)	(9.346)
		<u>473.278</u>	<u>700.000</u>	<u>578.836</u>
Afkoma ársins	16, 20	<u><u>26.448.620</u></u>	<u><u>1.877.000</u></u>	<u><u>14.795.547</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir

	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.....	6, 14	78.870.876	81.047.369
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	7	120.711	120.711
		<u>78.991.587</u>	<u>81.168.080</u>
Fastafjármunir samtals			
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur.....	15	24.793.654	34.017.412
Ýmsar skammtímaskuldir.....	15	73.497.838	45.042.078
Handbært fé.....	8	69.696.677	74.194.344
		<u>167.988.169</u>	<u>153.253.834</u>
Veltufjármunir samtals			
Eignir samtals		<u>246.979.756</u>	<u>234.421.914</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Eiginfjárreikningur	16	164.467.516	163.018.896
---------------------------	----	-------------	-------------

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir		27.305.957	21.044.122
Aðrar skammtímaskuldir.....		55.206.283	50.358.896
Skammtímaskuldir samtals		<u>82.512.240</u>	<u>71.403.018</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>246.979.756</u>	<u>234.421.914</u>
------------------------------------	--	--------------------	--------------------

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands Íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands Íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði sérstakt rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2018, en lífeyrisskuldbinding sambandsins og áhrif af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna starfsmanna sambandsins eru færð í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.
Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 13 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,59% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,59% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.
Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.
Varanlegir rekstrarfjármunir
- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:
Fasteign..... 50 ár
Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.
Handbært fé
- 8 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Fjárhagsáætlun

- 9 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum.

Skýringar frh.

Rekstrartekjur

10	Rekstrartekjur greinast þannig:	Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun 2018	Ársreikningur 2017
	Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	478.952.576	470.500.000	440.767.642
	Framlag Bakjarls til sambandsins.....	0	10.000.000	0
		<u>478.952.576</u>	<u>480.500.000</u>	<u>440.767.642</u>
	Seldar vörur og þjónusta:			
	Sveitarfélög.....	80.696.786	74.898.000	54.378.102
	Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld.....	18.097.900	24.822.000	13.826.550
	Bækur, auglýsingar o.fl.....	2.839.024	2.327.000	1.225.360
	Samstarfsstofnanir.....	34.493.895	33.976.000	32.753.928
		<u>136.127.605</u>	<u>136.023.000</u>	<u>102.183.940</u>
	Aðrar tekjur:			
	Ráðuneyti og ríkisstofnanir.....	5.913.460	3.500.000	9.204.460
	Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	36.433.048	22.000.000	19.513.671
	Styrkir og endurgreiðslur.....	0	0	2.193.086
		<u>42.346.508</u>	<u>25.500.000</u>	<u>30.911.217</u>
	Rekstrartekjur samtals.....	<u>657.426.689</u>	<u>642.023.000</u>	<u>573.862.799</u>

Starfsmannamál

11	Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun 2018	Ársreikningur 2017
	Laun.....	358.897.498	361.706.000	331.609.377
	Launatengd gjöld.....	83.380.264	84.046.000	77.453.786
	Áfallið orlof, breyting.....	6.329.423	0	(663.333)
		<u>448.607.185</u>	<u>445.752.000</u>	<u>408.399.830</u>
	Ársverk starfsmanna.....	28,1	27,9	26,7

Annar rekstrarkostnaður

12	Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun 2018	Ársreikningur 2017
	Vörukaup.....	28.255.296	36.608.100	25.638.960
	Þjónustukaup.....	144.296.032	149.695.207	118.432.404
	Skattar og opinber gjöld.....	3.715.441	3.864.200	3.218.401
	Styrkir og framlög.....	4.400.900	2.750.000	1.780.000
	Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>180.667.669</u>	<u>192.917.507</u>	<u>149.069.765</u>

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

13 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Láναςjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 167,2 m.kr. á árinu 2018 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Láναςjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis.....	13.076.941	7.041.430	20.118.371
Annar sameiginlegur kostnaður	126.123.427	20.951.532	147.074.959
Samtals.....	139.200.368	27.992.962	167.193.330
Hlutfall.....	83,3%	16,7%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

14 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1.2018.....	108.824.660
Afskrifað áður	(27.777.291)
Bókfært verð 1.1.2018.....	81.047.369
Afskrifað á árinu.....	(2.176.493)
Bókfært verð 31.12.2018.....	78.870.876
Stofnverð 31.12.2018.....	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12.2018.....	(29.953.784)
Bókfært verð 31.12.2018.....	78.870.876
Afskriftahlutfall.....	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 194,5 m.kr. í árslok 2018.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 187,0 m.kr. á sama tíma.

Skammtímakröfur

15 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 98,3 m.kr. í árslok 2018. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

16 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2018	163.018.896
Framlag til Bakhjarls.....	(25.000.000)
Afkoma ársins	26.448.620
Eigið fé 31.12. 2018.....	164.467.516

Skýringar frh.

Lykiltölur

17	Helstu lykiltölur:	2018	2017
	Veltufjárlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum.....	2,04	2,15
	Eiginfjárlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni.....	66,6%	69,5%

Kjarasvið - kjaramál

- 18 Á XXIV. landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanefnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanefndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Starfsmat:			
Vörukaup.....	0	87.000	85.248
Þjónustukaup.....	39.796.785	33.911.000	23.392.852
Samtals kostnaður.....	39.796.785	33.998.000	23.478.100
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(39.796.785)	(33.998.000)	(23.478.100)
Samtals.....	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs.....	35.000.000	35.000.000	25.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(35.000.000)	(35.000.000)	(25.000.000)
Samtals.....	0	0	0

- 19 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Staða í ársbyrjun	42.844.462	42.844.462	40.976.926
Starfsmat, sbr. skýringu 18	39.796.785	33.998.000	23.478.100
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 18	35.000.000	35.000.000	25.000.000
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu	(56.456.463)	(56.000.000)	(46.610.564)
Staða í árslok	61.184.784	55.842.462	42.844.462

Skýringar frh.

Sundurliðun rekstrarreiknings

20 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegar tekjur				
Framlag jöfnunarsjóðs.....	0	478.953	(478.953)	(470.500)
Framlag Bakhjarls sambandsins.....	0	0	0	(10.000)
Samtals	0	478.953	(478.953)	(480.500)
Yfirstjórn				
Landsþing.....	15.283	4.141	11.142	9.292
Sambandsstjórn.....	27.105	0	27.105	29.740
Siðanefnd.....	221	0	221	591
Endurskoðun og reikningsskil.....	2.029	0	2.029	2.500
Aðrar nefndir og sérverkefni.....	12.731	3.913	8.818	14.740
Innlent samstarf.....	490	0	490	908
Norrænt samstarf.....	384	0	384	843
Fulltrúaráð CEMR.....	2.390	0	2.390	2.928
Sveitastjórnarvettvangur EFTA.....	779	0	779	1.083
Annað erlent samstarf.....	37	0	37	570
Samtals	61.449	8.054	53.395	63.195
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	155.266	29.143	126.123	128.901
Samtals	155.266	29.143	126.123	128.901
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	50.150	480	49.670	48.822
Upplýsingaveita sveitarfélaga.....	1.525	0	1.525	1.525
Samtals	51.675	480	51.195	50.347

Skýringar frh.

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins	95.147	35.000	60.147	66.316
Starfsmat	39.797	39.797	0	0
Kjaramálanefnd	68	0	68	480
Samtals	135.012	74.797	60.215	66.796
Próunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins	21.434	0	21.434	21.575
Brussel-skrifstofa	17.698	20.000	(2.302)	12
Samtals	39.132	20.000	19.132	21.587
Lögfræði- og velferðarsvið				
Sérkostnaður sviðsins	123.222	19.257	103.965	109.970
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum..	16.527	9.000	7.527	6.647
Félagsþjónustunefnd	381	0	381	1.011
Skipulagsmálanefnd	835	0	835	1.028
Skólamálanefnd	1.374	0	1.374	1.536
Samtals	142.339	28.257	114.082	120.192
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur	10.035	10.678	(643)	0
Námskeið	3.701	4.226	(525)	0
Samtals	13.736	14.904	(1.168)	0
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál	3.877	1.770	2.107	5.090
Árbók sveitarfélaga	803	1.027	(224)	(271)
Rit til endursölu	0	42	(42)	0
Upplýsingavefur sambandsins	3.046	0	3.046	2.321
Önnur fræðslu- og kynningarrit	399	0	399	0
Samtals	8.125	2.839	5.286	7.140

Skýringar frh.

Hlutdeild í rekstri húsnæðis

Borgartún 30.....	20.118	0	20.118	22.682
Hlutdeild samstarfsstofnana.....	(7.041)	0	(7.041)	(7.939)
Samtals	13.077	0	13.077	14.743

Sameiginlegur kostnaður

Áunnið orlof breyting.....	6.330	0	6.330	0
Afskriftir.....	2.176	0	2.176	2.176
Annar starfsmannakostnaður.....	2.816	0	2.816	4.000
Staðgr. fjármagnstekjuskattur.....	164	0	164	141
Þjónustugjöld banka.....	154	0	154	105
Samtals	11.640	0	11.640	6.422
Alls rekstur	631.451	657.427	(25.976)	(1.177)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.....	0	753	(753)	(694)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk..	300	0	300	6
Arður af hlutabréfum.....	0	20	(20)	(12)
Samtals	300	773	(473)	(700)
Alls	631.751	658.200	(26.449)	(1.877)

